



Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Slow Food Reykjavík um stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bætta nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu.

Stjórn Slow Food Reykjavík, fagnar þessari ítarlegu skýrslu um bætta nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu og vonar að áætlanir til bættrar nýtingar verði að veruleika og styðji við innleiðingu hringrásarhagkerfis í sem víðustum skilningi um land allt.

Eitt vilja Slow Food Reykjavík samtökin þó benda á, að mikilvægt er að nýting á lífrænum efnum sé alltaf til þess fallin að auka verðmæti afurða og sé virðisaukandi fyrir frumframleiðanda. Gott fordæmi er úr sjávarútvegi þar sem mjög verðmætar vörur hafa orðið til úr því sem áður var talið úrgangur. Tryggja þarf að nýsköpunarfyrirtæki og hugvitsfólk hafi aðgang að þeim auðlindum áfram sem felast í úrgangi dagsins í dag. Þetta er línudans en mikilvægt er að hafa í huga þegar kerfi framtíðar eru þróuð að þar sé innbyggður ákveðin sveiganleiki og rými fyrir skapandi lausnir til framtíðar.

Fyrir hönd stjórnar Slow Food Reykjavík
Dóra Svavarsdóttir
Formaður